



Aganefnd HSÍ | Úrskurður 15.9. '20

Úrskurður aganefndar 15. september 2020

Eftirtalið mál lá fyrir og var tekið til úrskurðar:

1. Stefán Darri Þórsson leikmaður Fram hlaut útilokun vegna leikbrots í leik KA og Fram í Olís deild karla þann 11.09. 2020. Í agaskýrslu frá dómurum kemur fram að við endurmat á atvikinu hafi þessi ákvörðun verið röng og rauða spjaldið því dregið til baka. Niðurstaða aganefndar er því að ekki skuli aðhafst frekar í málinu og spjaldið mun því ekki gilda ef kemur til ítrekunaráhrifa vegna rauðra spjalda.
2. Sólveig Lára Kristjánsdóttir leikmaður KA/Þórs hlaut útilokun með skýrsla vegna grófrar óíþróttamannslegrar hegðunar í leik ÍBV og KA/Þórs í Olís deild kvenna þann 12.9.2020. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:9 e). Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins en vakin er þó athygli á stighækkandi áhrifum útlökana vegna slíkra brota, skv. 2. mgr. 11. sömu reglugerðar.

Fleiri mál lágu ekki fyrir.

Úrskurðinn kváðu upp Sverrir Pálmason, Arnar Kormákur Friðriksson og Arnar Þór Sæþórsson.

## Samstarfsaðilar Handknattleikssambands Íslands

